

fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim 211
fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari. 10. des.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. desember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

212

um fjárskipti á svæðinu milli Blöndu og Héraðsvatna.

12. des.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er: Lýtingsstaðahreppur, Mikley, Stokkhólmi og Skatastaðir í Akrahreppi, Seyluhreppur, Staðarhreppur, Sauðárkrókhreppur, Rípurhreppur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Skagahreppur, Höfðahreppur, Vindhælishreppur, Engihlíðarhreppur, Blönduóshreppur, austan Blöndu og Bólstaðarhlíðarhreppur.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1948. Fjárfjöldi á svæðinu var við áramót 1945—1946 um 24108.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 37 menn, eða 3 fyrir hvern hrepp og hlutfallslega fyrir hreppshluta, samkv. 25. gr. laga nr. 44 frá 1947, og jafnmargir til vara.

Framkvæmdanefnd skipa 5 menn og aðrir 5 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

4. gr.

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

- a. Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;
- b. að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;
- c. að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og
- d. að sjá yfirleitt um, að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirsmæli.

5. gr.

Sameiginlegur kostnaður, sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði (ríkissjóður greiðir flutningskostnað lamba) skal jafna niður á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist niður á hreppana í hlutfalli við fjártölu þeirra um áramót 1945—1946.

6. gr.

Þeir fjáreigendur, sem hafa fargað öllu fé sínu, sauðfé og geitfé, fyrir 1. nóvember 1947, skulu hafa rétt til að fá líflömb haustið 1948, ef garnaveiki hefur ekki komið í ljós í nágrenninu, svo að sauðfjársjúkdómanefnd telji það hættulegt. Þessum fjáreigendum ber skylda til að sjá um einangrun nýja fjárstofnsins, samkvæmt fyrirsmælum framkvæmdanefndar og sauðfjársjúkdómanefndar.

Aðrir fjáreigendur á fjárskiptasvæðinu skulu fá líflömb haustið 1949, eftir að þeir hafa einnig verið sauðlausir eitt ár.

7. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. desember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.